

milli sláturleyfishafa eftir mörkuðum skal það tilkynna landbúnaðarráðherra um þá skiptingu og gera tillögu um leyfisveitingar. Óheimilt er að flytja til þeirra markaða, sem um ræðir, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Á sama hátt er þeim aðilum skylt að leita leyfis, sem ætla að njóta verðjöfnunar við útflutning skv. 6. gr.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júlí 1996.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

---

*Jón Höskuldsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980 - 2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar frá 17. ágúst 1981.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Gatnamót Hlíðargötu og Skólavegar flytjast um það bil 50 m til vesturs og breytt er svæði fyrir verslun og þjónustu í íbúðasvæði. Svæði fyrir opinberar stofnanir norðan Hlíðarvegar stækkar og austasti hluti gerður að íbúðasvæði.

Hreppsnefnd Búðahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. júlí 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

---

*Hrafn Hallgrímsson.*